

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. Biðskylda verði, þegar ekið er frá Verbúðarbryggjum inn á Grandagarð.
2. Biðskylda verði á Grandagarði, þegar ekið er til vesturs inn á tengingu milli Grandagarðs og Fiskislóðar.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. september 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. ágúst 1988.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð fyrir Íslenskar Getraunir, nr. 472

13. apríl 1981, með síðari breytingum.

1. gr.

Íslenskum Getraunum er heimilt að efna til getrauna um úrslit kappleikja í handknattleikskeppni Ólympíuleikanna í Seoul 26. og 29. september 1988.

2. gr.

Um getraunina fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar fyrir Íslenskar Getraunir með þessum breytingum:

Frestur til að skila uppgjöri, sbr. 5. mgr. 10. gr., og til að skila getraunaseðlum, sbr. 6. mgr. 10. gr., skal vera til kl. 17:00 laugardaginn 24. september 1988.

Ákvæði 2. málsl. 9. mgr. 11. gr. á ekki við, og eru seðlar sem berast eftir lok skilafrests ógildir.

Ákvæði 1. mgr. 12. gr. um hlutkesti, sbr. 2. mgr. 12. gr., gildir ekki um leik sem vera á 26. september 1988 og færður er til þannig að hann hefjist síðar, þó ekki síðar en 29. september 1988.

Ákvæði 1. - 3. málsl. 3. mgr. 13. gr. á ekki við.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um getraunir, nr. 59 22. maí 1972, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1988.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.